



Reykjavík, 10. mars 2022

## Efni: Öflun sjávargróðurs (350. mál)

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni). Um er að ræða frumvarp þar sem horft er til þess að bæta stjórn nýtingar á sjávargróðri hér við land. Í frumvarpinu er lagt til að regluverk verði einfaldað. Þá er afnumin heimild til að leyfisbinda móttökustöðvar fyrir þang. Tekin verður upp skylda til setningar nýtingaráætlana fyrir þangfjörur og að lokum svæðisstjórnun við öflun sjávargróðurs utan fjöru.

Samtökin telja að gott verk hafi þegar farið fram við einföldun laga og reglugerða að undanförunu og mikilvægt að haldið sé áfram á sömu braut. Í flestum tilvikum er einföldun á regluverki og stjórnsýsluframkvæmd sem snýr að atvinnulífinu til mikilla bóta. Að því sögðu styðja samtökin meginmarkmið þessa frumvarps um einföldun regluverks en vilja þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Með frumvarpinu er lagt til að enginn megi stunda þangslátt í atvinnuskyni nema hafi fengið leyfi sem Fiskistofa gefur út til allt að fimm ára í senn. Þá er leyfi háð skilyrði um að leyfishafi hafi sett sér nýtingaráætlun um töku þangs, sem sé a.m.k til fimm ára í senn. Í henni skal greina hvaða tæki verði hagnýtt við slátt, hvaða magn verði slegið og eftir atvikum hvaða svæði verði hvíld eftir slátt til að gefa tíma til endurvaxtar o.fl. Að mati samtakanna er einkar mikilvægt að í nýtingaráætlun sé fullt tillit tekið til mikilvægis sjávargróðurs sem nauðsynlegs skjóls fyrir uppeldi ungvíðis nytjafiska og annarra tegunda. Þang og þari mynda mikilvægt búsvæði fyrir ungvíði nytjafiska, þar á meðal þorsks, grásleppu og fleiri tegunda. Þari getur náð allt að 20 ára aldri og elsta þang allt að 100 ára aldri. Að þessu sögðu verður að vera ljóst að varúðarleið og varfærnisleg nálgun sé viðhöfð við mat á viðeigandi nýtingaráætlun og fullt tillit tekið til mikilvægis búsvæða ungfisks. Þess vegna er einkar mikilvægt eins og fram kemur í frumvarpinu að drög að nýtingaráætlun skuli kynnt Hafrannsóknarstofnun bréflega og þá er jafnframt skylt í áætlun að greina athugasemdir stofnunarinnar og hvernig brugðist hafi verið við. Eðli máls samkvæmt þarf að tryggja að Hafrannsóknarstofnun hafi fjármuni til sinna þessu hlutverki.

Hins vegar velta samtökin því upp hvort það sé nauðsynlegt að tilgreina með nánari hætti í frumvarpinu hvernig fari með staðfestingu eða ógildingu á nýtingaráætluninni. Ef til dæmis viðeigandi úrbætur hafi ekki verið gerðar á nýtingaráætlun í samræmi við aðfinnslur Hafrannsóknarstofnunar hvort Fiskistofa geti þá ógilt nýtingaráætlun og þannig verði óheimilt að slá þang fyrir viðkomandi sjávarjörð fyrir en ný áætlun hafi verið staðfest af Fiskistofu.



Að lokum lýsa samtökin sig reiðubúin til að eiga samtal við atvinnuveganefnd til að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum samtakanna. Samtökin áskilja sér jafnframt rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



Heiðmar Guðmundsson



Kristján Þórarinnsson

